



## 105 stjórnarfundur LSE ásamt formönnum aðildarfélaganna haldinn í Öskju sal á 2 hæð Hótel Sögu föstudaginn 12. febrúar 2016 kl. 10:30

Mættir voru Jóhann Gísli Jóhannsson, Hraundís Guðmundsdóttir, Sighvatur Jón Þórarinnsson, María E Ingvadóttir, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir og Hrönn Guðmundsdóttir.

Gestir fundarins eru Þórarinn Svavarsson, Marianna Jóhannsdóttir og Sigurlína Jóhannesdóttir.

Formaður bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn og gekk svo til dagskrár.

Dagskrá:

- Staða LSE: Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra.
  - Rekstur LSE. Farið var yfir fjárhagsstöðu LSE fyrir árið 2015 og 2016. Verið er að klára að bóka síðasta ár og ætlar María að senda niðurstöður á stjórn og formenn félagana um leið og hægt er. Enn er eftir að fá síðasta hluta styrkjar úr FL. Búið er að senda inn greinagerð sem fer fyrir fund FL til samþykkis. Fjárhagsstaða LSE fyrir árið 2016 er frekar ótrygg ef ekki næst að klára fjármögnun. LSE er í samningaviðræðum við ANR og BÍ um að gerður verði sérstakur búnaðarlagasamningur um félagskerfi LSE til tíu ára, sem tryggir reksturinn til næstu framtíðar. Málið er í ferli.
  - Skrifstofuhúsnæði. Verið að skoða hvort hagkvæmara sé að vera með skrifstofuaðstöðu í Bændahöllinni. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið frekar.
  - Verkefni LSE. Áfram verður haldið með verkefnið úrvinnsla skógarafurða og stofnun afurðastöðva í öllum landshlutum. Í skýrslu um afurðarstöð á Austurlandi var bent á framleiðslu girðingastaura sem einn möguleika á úrvinnslu úr skógarafurðum. LSE sótti um styrk í FL út á verkefnið „þróun og framleiðslu girðingastaura úr íslensku hráefni sem standast samkeppni við innflutta staura“ í samstarfi við FSA. Jólátrjáaverkefnið er áfram í vinnslu en verið er að skoða möguleika á útvíkkun á því verkefni. Kolefnisbinding og kolefnisjöfnun er verkefni sem LSE er að vinna að.
  - Við skógareigendur. Formaður fór yfir útgáfu blaðsins. Það er gefið út í 1500 eintökum, en sökum þess hvað upplagið er lítið gengur erfiðlega að safna auglýsingum. Rætt var um að stækka upplagið og senda á öll lögbýli. Töluverð umræða skapaðist um útgáfu blaðsins og rætt um hvort blaðið ætti að vera rafrænt. Ákveðið var að gefa blaðið út í óbreyttu formi en skoða nánar kosti þess að stækka upplag blaðsins. LSE hefur fengið vilyrði fyrir því að SR styrki útgáfu

blaðsins og birti fréttir af sameiningu SR og LHV auk þess að skrifa greinar í blaðið. Félag skógarbænda á Vestfjörðum er að taka við ritstjórn blaðsins og verður ritnefnd tilkynnt á næstu dögum og mun skoða málið nánar.

- Sameining SR og LHV – LSE fékk fund með nýskipuðum skógræktarstjóra þar sem farið var yfir ferli sameiningarinnar. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum SR og framkvæmdastjórum LHV. Einnig er búið að skipa þrjá starfshópa sem fjalla um hin ýmsu mál er varða nýja stofnun. Greinagerð um framtíð jólatrjáræktar fór til umræðu í einn hópinn. LSE fær að fylgjast með þegar kemur að málefnum skógarbænda. Skógræktarstjóri er tilbúin að koma á félagsfundi og kynna málið fyrir skógarbændum. Töluverð umræða skapaðist um sameininguna spurt um stöðu skógræktarsamninga við skógarbændur og endurnýjun þeirra við sameininguna. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.
- Bandormurinn: LSE fékk send frá UAR drög að Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýrrar skógræktarstofnunar (sameining stofnana). Framkvæmdastjóra falið að senda á formenn aðildarfélaganna.
- Búnaðarþing verður sett 28. febrúar. LSE sendi inn tillögu um kolefnisjöfnun búskapar. LSE ætlar að fara í samstarf við Brynhildi Bjarnadóttir Lektor HA við að skoða hvað meðalþú losar mikið og hvað þarf að gróðursetja mikið til að kolefnisjafna búskapinn. Safnað verður saman upplýsingum um losunarþætti vegna búskapar. LSE hefur átt samtalið við framkvæmdastjóra sauðfjárþænda um jákvæða ímynd búskapar með kolefnisjöfnun og beitarskóg. Miklar umræður sköpuðust um málefnið.
- Verkefni um afurðarstöð – Rætt var um stöðu verkefnisins á austurlandi. Formaður nefndi að mikilvægt væri að vinna að málinu áfram og nýta skýrsluna. Rætt um það að vinna með hagsmunaaðilum að ráðningu starfsmanns sem sinnti í 50 % starfi úrvinnslu og afurðarmálum fyrir skógarbændur. FSA vill halda áfram með verkefnið og rímar þessi hugmynd við hugmyndir skógarbænda á Austurlandi. Samþykkt var að skoða þetta nánar með FSA og SR og finna fjármagn til verkefnisins. Einstaka skógarbændur eiga vélar til úrvinnslu en almennt eru skógarbændur ekki komnir á þann stað að standa einir undir úrvinnslu og afurðarsölu. Mikilvægt að vera í góðu samstarfi við Skógrækt ríkisins og skógræktarfélagin, sem eru komin lengra í úrvinnslu, þróa vörur og aðferðir og læra og vera tilbúin þegar skógar skógarbænda vaxa upp.
- Skýrsla formanna aðildarfélaganna:
  - FSS: Starfið hefur verið frekar rólegt frá síðasta formannafundi. Vegna veðurfars og fjarlægðar á milli stjórnarmanna, hefur verið gripið til símafunda, þegar þannig hefur staðið á. Aðalfundur var haldinn að Gunnarsholti þann 30. maí. Eftir fundinn var haldið í Tumastaði, þar sem snæddur var hádegisverður, en síðan farið í skoðunarferð um skóginn, undir leiðsögn Halls Björgvinssonar. Jónsmessugangan 24. júní, var að þessu sinni um Skógarhlíð, skóglendi Hannesar Lentz og Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur. Eftir áhugaverða skoðunarferð var grillað og borðað saman og málin rædd af innlifun skógarbóndans. Áfram er unnið að stofnun afurðarfélags. Á síðustu tveimur árum, hafa nokkrir framleiðendur skógarafurða komið á félagsfundi til að vekja áhuga og glæða hugmyndir með skógarbændum.

Kurlari var keyptur síðastliðið haust. Hugmyndin var að hann færi á milli staða til að kurla. Þróa þarf betur það verkferli. Hann hefur verið notaður hjá Feng í Hveragerði, en einnig var hann lánaður um tíma til Grundartanga.

- FSV. Stóru hlutu starfs félagsins snérist um aðalfund LSE sem haldinn var í Stykkishólmi og var á ábyrgð FSV. Málþing um fjölbreyttar nytjar úr skógum var haldið í tengslum við aðalfundinn og félagið skipulagði skógargöngu um Grensás þar sem kynning á fyrirtækinu Rootopia og VLS og Jötunn vélar buðu upp á veitingar. Punkturinn yfir ið var svo árshátíð skógarbænda sem tókst með ágætum.

Umsókn í uppbyggingarsjóð vesturlands vegna styrks til að fara í viðarmagnsúttekt á skógum skógarbænda á Vesturlandi var sendi inn í vor en var hafnað. Leggja á fram nýja umsókn á næstu dögum. Félagið stóð fyrir námskeiði, tálga í ferskan við. Leiðbeinandi var Trausti Tryggvason. Þann 23. júní var farið í skógargöngu í Dalabyggð. Skógarbændur á Vestfjörðum komu í heimsókn á Vesturland í ágúst og tóku skógarbændur víða á Vesturlandi vel á móti þeim og sýndu skógrækt sína og miðluðu af reynslu sinni.

- FS Vestfj: Haldinn var stjórnarfundur í apríl og var það eini formlegi fundurinn sem haldinn var fyrir aðalfund en aðallega notast við net og símasamband en fjarlægð á milli stjórnarmanna hefur þar veruleg áhrif á. Aðalfundur félagsins var haldinn 20 júní á Sauðfjársetrinu Sævangi. Síðan þá hefur verið haldinn einn formlegur stjórnarfundur og svo netfundir. Stjórnin mætti á kynningarfund um sameiningu skógargeirans og kynnti svo í framhaldi þá vinnu sem er í gangi fyrir félagsmönnum sínum á einum fundi og í tölvupósti. Í ágúst fór fimmtán manna hópur í kynnisferð til starfsbræðra og systra á Vesturlandi. Ritari félagsins stofnaði hóp á fésbókinni fyrir félagið þar sem nálgast má smá upplýsingar um starfsemi félagsins og önnur málefni tengd skógræktinni.

- FSA: Haldnir nokkrir formlegir og óformlegir stjórnarfundir á árinu, auk þess sem fundað var með einum þingmanni kjördæmisins vegna fyrirhugaðrar sameiningar SR og LHV. Tveir almennir félagsfundir þar sem rætt var um sameininguna og skýrslu um Afurðarstöð viðarafurða á Austurlandi. Helstu verkefni félagsins voru aðkoma að: jólamarkaði í Barra, undirbúningi og framkvæmd, Skógardeginum mikla í Hallormsstað, gengið var samningi um kaup og rekstur kurlar í samstarfi við SR og fleiri auk þess sem unnið við að gerð skýrslu um Afurðarmiðstöð viðarafurða á Austurlandi.

Framundan eru svipuð verkefni; undurbúningur er hafinn að Barramarkaðnum sem verður í des '16, Skógardeginum, sem verður haldinn 25. júní, áframhaldandi vinna verður í framhaldi af skýrslu um Afurðamiðstöð viðarafurða, vinna með Listaháskólanum að verkefninu „Umbreyting – efnisrannsókn í skógi“ að ógleymdum aðalfundi LSE sem verður í okkar höndum 7.-9. október í haust.

- FSN: Aðalfundur félagsins var í júní 2015. Fundurinn var haldinn í tengslum við Skógardag Norðlendinga sem haldinn var í samvinnu FSN, NLS og SR. Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir. Félagið á eingin tæki og er ekki með neinn rekstur eftir að kurlarinn í eigu félagsins var seldur. Aðalfundur 2016 verður haldinn 24. febrúar næstkomandi og gestur fundarins verður Þröstur Eysteinnsson nýráðinn skógræktarstjóri sem ætlar að kynna sameiningarferli SR og LHV. Þrjár

félagskonur úr FSN voru í ritnefnd Við skógareigendur. Nú í nóvember kom út fjórða og síðasta blað undir þeirra stjórn.

- Jóhann nefndi að formaður og framkvæmdastjóri hafa reynt að mæta á aðalfundi aðildarfélaganna. Á fundi með Presti var einmitt rætt um upplýsingamiðlun til skógarbænda og nefndi Þróstur möguleikann að hann kynnti stöðuna á fundum með skógarbændum. Mikilvægt er að skógarbændur séu vel upplýstir um gang mála.
- Taxtar vegna framkvæmda 2016: Lagt fram bréf frá LHV með ósk um samráð við LSE um breytingu á töxtum verkefnanna. Lagt er til að hækkun taxta vegna framkvæmda fyrir árið 2016 taki mið af breytingum á launavísitölu mars 2015 til mars 2016. Óskað var eftir áliti stjórnar LSE sem fyrst. Stjórn LSE samþykkir kostnaðarviðmið vegna framkvæmda fyrir árið 2016. En óska eftir að fá að koma að gerð allra taxta í framtíðinni sem lúta að skógrækt á lögbýlum.
- Heimasíðan [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is): Bréf barst frá framkvæmdastjórum LHV um að við fyrirhugaða sameiningu LHV og SR muni samvinna um rekstur og umsjón heimasíðunnar [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is) falli niður. Rætt var um framtíð síðunnar og mikilvægi þess að síðan sé vel lifandi og skilvirk. Skoða þarf að einfalda hana og gera hana aðgengilegri og passi í snjallsíma. Virkja þarf félögin til að senda inn skemmtilegt efni. Skoða það að skógarbændur fái tölvupóst þegar ný frétt kemur inn á síðuna. Setja fræðsluefni, stutt myndskreið á heimasíðuna. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
- Aðalfundur LSE verður í Valaskjálfi 7. og 8. október.
  - Þema fundarins verður úrvinnsla og skógarafurðir. Málþing haldið í tenglum við aðalfundinn.
    - Aðrar nytjar, fá erindi frá Lilju og Agnes sem eru í Evrópuverkefni um aðrar nytjar úr skógum.
    - Sýna allar afurðir skógarins. Ýmsir sýningaraðilar.
    - Erindi um viðarmagnsúttekt
    - Kynningu á afurðarstöð
    - Skógarganga, í skoðun
    - Verið að safna styrkjum
    - Félögin hvött til að koma með hugmyndir
  - Ársfundur jólatrjááræktenda
- Önnur mál
  - Rætt um að LSE kaupi leiðréttingapúka –framkvæmdastjóra falið að skoða málið.
  - Verðmat skógarjarða – mikilvægt að skógurinn sé rétt metinn og fasteignasalar séu rétt upplýstir um verðmæti skógarins. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið frekar og upplýsa stjórn.
  - Slóðagerð og utanvegaakstur, undaþáguákvæði í lögum um náttúruvernd þurfi að skýra og tryggja að bændur eigi ekki yfir höfði sér málsókn vegna umhirðu skóga sinna. Framkvæmdastjóra falið að skoða greinina í náttúruverndarlögunum og senda á stjórn og formenn og fá túlkun ráðuneytisins.

Ekki fleira gert og fundi slitið 14,50.